

1855. Stjórnin svarar: að hún hafi ekkert á móti því, að fjelagið
31. janúar. gefi þetta út, eftir nákvæmari ákvörðun forstjóra hinnar íslensku
stjórnardeildar.

5. Opið brjef um fjölgun þingstaða í Árnassýslu.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunn-
ugt: að eftir að Vjer höfum meðtekið álitsskjal alþingis um
frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt til fjölgunar þingstaða í
Árnassýslu, hefur Oss þóknast að skipa fyrir á þessa leið:

Í Árnassýslu skal taka upp hina fornu þingstaði í hrepp-
um þeim, sem hjer segir: á Nesi fyrir Selvogshrepp, Stokkseyri
fyrir Stokkseyrarhrepp, Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp,
Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, Vælugerði fyrir Villinga-
holtshrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, Húsatóptum fyrir
Skeiðahrepp og Stóranúpi fyrir Gnúpverjahrepp. Og skulu hrepps-
búar í hverjum þessara hreppa skyldir til, eftir fyrirmælum
sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo væn og rúmgóð, að ekki
verði neitt að þeim fundið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi:

Með úrskurði 22. maí 1853 fjellst konnugur á, að frum-
varp innanríkisstjórnarinnar til opins brjefs um fjölgun þingstaða
í Árnassýslu væri lagt fyrir alþing er haldið var það ár, og
tók alþingið málið til meðferðar á lögskipaðan hátt, og sendi
konungsfulltrúa síðan álitsskjal þingsins til stjórnarinnar með
sínium athugasemdum.

Frumvarp þetta fór fram á, að af þeim 5 hreppum, sem
nú eiga þingstað í Hróarsholti, það er að skilja Villingaholts,
Hraungerðis, Gaulverjabæjar, Stokkseyrar og Sandvíkur hreppar,
skyldu 2 hinir fyrst nefndu framvegis eiga þingstað í Hróars-
holti, en Gaulverjabæjarhreppur þar á móti eiga þingstað sjer í
Gaulverjabæ, og Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppar á Eyrrar-

bakka. En alþingi hefur í álitsskjali sínu látið í ljósi, að þar 1855.
 eð hinum gömlu þingstöðum í Árnassýslu hafi ekki verið raskað 22. febrúar.
 með neinu lagabóði, nje að ráðstöfun háyfírvalda, og þar eð nú
 hreppstjórnarnir og aðrir sveitarbændur í áður nefndum hreppum
 hafi samhuga beiðzt þess, að upp mætti taka alla hina fornu
 þingstaði, og að þeim yrði leyft að byggja þar, á kostnað sjálfra
 sín, ný þinghús, ekki einungis til þess, að í þeim verði haldin
 mamntalsþing, heldur einnig aukaðing og önnur rjettarhöld, þá
 virtist þinginu yfirgnæfandi ástæður fyrir því að stinga upp á
 þar að lútandi breytingum á frumvarpi því, er fyrir það var lagt.

Þingið gat þess enn fremur, að áður en mál þetta var tekið
 til meðferðar kom til þingsins bænarskrá frá bændum í hinum
 forna Þingvallahreppi í Árnassýslu, sem hefur um liðugan 20 ára
 tíma verið sameinaður Grafningshreppi, og fór hún fram á, að Þing-
 vallahreppur fengi nýjan þingstað á Þingvöllum, og að þar mætti
 byggja þinghús á kostnað sveitarbúa, en meiri hluta þingsins
 fannst þó, þar eð Þingvallahreppur sem stendur er sameinaður
 öðrum hrepp, og er því að eins nokkur hluti af hinum sameinaða
 Grafnings- og Þingvallahreppi, að ekki ætti nú að taka þessa
 bænarskrá til greina.

Þingið beiddist því, að frumvarpið um fjölgun þingstaða í
 Árnassýslu yrði gjört að lögum með þeim breytingum sem
 hjer segir:

1. Að í Árnassýslu skuli taka upp aptur hina fornu þing-
 staði í þessum hreppum: á Nesi fyrir Selvogshrepp, á Stokks-
 eyri fyrir Stokkseyrarhrepp, í Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjar-
 hrepp, í Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, í Vælugerði fyrir
 Vælugerðishrepp, í Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, á Húsa-
 tóptum fyrir Skeiðahrepp og á Stóra-Núpi fyrir Gnúpverjahrepp.

2. Að hreppsþúar í hverjum þessara hreppa sju skyldir
 til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo
 væn og rúmgóð, að ekki verði að fundið.

Stjórninni þótti ekki næg ástæða til að víkja frá samhljóða
 beiðslu alþingis í þessu máli, sem einungis snertir ásigkomulag
 á Íslandi, og styðst auk þess við bæn sýslubúa, sem bera eiga
 kostnaðinn, er þarf til að byggja og halda við hinum nýju þing-

1855. húsam, og mælti því stjórnin með, að brjefið skyldi samið eptir 22. febrúar. uppástungu alþingis, og gjört að lögum.

22. marz. **6. Konungsúrskurður um staðfestingu á útleggingu laga, sem gefin eru fyrir Ísland.**

Vjer ákvörðum allramildilegast að hin íslenzka þýðing laga þeirra, sem hjer eptir eru gefin fyrir Ísland, verði staðfest af manni, er Vjer nefnum til þess, og að þetta nú sem stendur sje falið á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

22. marz. **7. Opið brjef um bann gegn byssuskotum á sel á Breiða-
firði á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknast að skipa fyrir á þessa leið:

Öll byssuskot á alls konar sel, af hverju kyni sem er, skulu hjeðan í frá vera bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu. Ef móti þessu er brotið, liggja við sektir og skaðabætur eptir tilskipun 20. júní 1849, 5., 15. og 16. grein.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í greindri tilskipun, um veiði á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Frá alþingi, sem haldið var 1853, kom bænarskrá til konungs um breytingu á tilskipun um veiðilög á Íslandi 20. júní 1849. Bar þingið það þar fram sem samhuga álit sitt, að brýn nauðsyn bæri til þess að friða sel fyrir skotum öðruvísi og betur, en nú á sjer stað eptir áður nefndri tilskipun, einkum á þeim stöðum, þar sem töluverð selveiði tíðkast í nótum og